

## MINNISBLAÐ

*Viðtakandi:* Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri  
*Sendandi:* Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, deildarstjóri vísitöludeildar  
*Dags.:* 13. október 2014  
*Efni:* **Matarútgjöld heimila í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands**

---

Hér fylgir með minnisblað um matvöruútgjöld heimila vegna umfjöllunar um það mál í fjölmiðlum í dag.

Upplýsingar um útgjöld heimila fást úr Rannsókn á útgjöldum heimilanna sem Hagstofa Íslands vinnur. Heimili sem taka þátt svara spurningum um eigin neysluútgjöld og skila ítarlegri sundurliðun á þeim. Þá er einnig safnað kassakvittunum um öll viðskipti í dagvöruverslunum á því tímabili sem þau taka þátt í rannsókninni. Þessi gögn eru nýtt til að draga saman upplýsingar um heimilisútgjöld.

Rannsókn á útgjöldum heimilanna endurspeglar því raunverulega neyslu heimilanna sem taka þátt en rannsóknin gefur ekki vísbendingar um hver sé æskileg neysla eða hvað væru hæfileg neysluviðmið.

Flokkunarkerfi neysluútgjalda (COICOP) byggist á því hvernig neysluvörur eru notaðar. Útgjöld sem tengjast rekstri heimila svo sem matur- og drykkur, kaup á tilbúnum mat og veitingum og hreinlætisútgjöld vegna heimilis og heimilismanna eru því flokkuð á fjórum mismunandi stöðum í flokkunarkerfinu. Matar- og drykkjarkaup í dagvöruverslunum undir lið *01 Matur og drykkur*. Kaup á máltíðum á veitingahúsum og í mótuneytum flokkast hins vegar undir lið *11 Hótel og veitingastaðir*. Hreinlætisvörur vegna heimilis í flokk 5 Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. og snyrtivörur fyrir einstaklinga í flokk 12 aðrar vörur og þjónusta.

Ef litið er til þess sem heimili kaupa í dagvöruverslunum þá fást þar margar vörutegundir aðrar en matar og drykkjarvörur. Má þar nefna hreinlætisvörur eða heimilisvörur eins og plastpoka, kerti, eldhúsrúllur og þess háttar. Margar dagvöruverslanir selja einnig fatnað og leikföng. Þessar vörur eru greindar frá matar- og drykkjarvörum í rannsókninni og útgjöld þeirra færð á viðeigandi neysluflokka. Ef bera á saman innkaup í þessum gerðum verslana ber að hafa þetta í huga.

Í útgjaldarannsókninni kemur ekki fram hvaða fjöldi máltíða liggur að baki matarútgjöldum enda skilgreiningar á slíku vandmeðfarnar. Niðurstaða um útgjöld heimila í dagvöruverslunum og til kaupa á tilbúnum mat eru eftirfarandi:

**Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2010-2012, allar heimilisgerðir**

Matur og drykkur (áfengi er undanskilið)	Hlutfall	Ársútgjöld verðlag	Verðlag
	heildarútgjalda	2012	september 2014
	%	krónur	krónur
- keyptur í dagvöruverslun	14,9	849.754	897.135
- keyptur á veitingahúsum, kaffihúsum eða börum	1,7	96.007	101.360
- keyptur á skyndibitastöðum eða tilbúinn úr matvöruverslunum	1,9	110.194	116.338
- keyptur í mötuneytum	0,4	21.366	22.557
Matur og drykkur samtals í neysluútgjöldum	18,9	1.077.321	1.137.390
Vörur keyptar í dagvöruverslun aðrar en matur og drykkur		115.494	121.934
Heildarinnkaup í dagvöruverslun	16,9	965.248	1.019.069

Ef tekið er tillit til þessa þá nema matarútgjöld alls tæpum 19% af heildarútgjöldum.

**Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2010-2012, hjón eða sambúðarfólk með börn**

Matur og drykkur (áfengi er undanskilið)	Hlutfall	Ársútgjöld verðlag	Verðlag september
	heildarútgjalda	2012	2014
	%	krónur	krónur
- keyptur í dagvöruverslun	16,2	1.211.967	1.279.545
- keyptur á veitingahúsum, kaffihúsum eða börum	1,4	102.858	108.593
- keyptur á skyndibitastöðum eða tilbúinn úr matvöruverslunum	2,3	169.453	178.902
- keyptur í mötuneytum	0,7	49.379	52.132
Matur og drykkur samtals í neysluútgjöldum	20,6	1.533.657	1.619.172

Á heimilum þar sem búa hjón eða sambúðarfólk með börn nema heildarútgjöld til matar og drykkjar í dagvöruverslun 16,2% en samantekin útgjöld til matar og drykkjar ná tæpu 21%. Fyrir hjón með börn eru það 1.619.172 kr á ári sem eru að meðaltali um 135 þúsund krónur á mánuði. Meðalfjöldi einstaklinga er 3,9 á heimili þar sem búa hjón eða sambúðarfólk með börn.